*Afskrift*

# Torfmýri

hjáleiga frá Flugumýri, 10# að fornu mati, byggist hjer með yfirstandandi fardagaár fyrir imlegt tilmæli hreppstjórans í Akrahreppi, Magnúsi bónda Jónassyni frá Reyningi í Eyjafirði, með því fast áskildu skilyrði, að þeir sjeu fullkomnir ábyrgðarmenn fyrir öllum gjöldum af jörðinni og henni fylgjandi einu ásauðarkúgildi, samt fyrir allri ábúð hans þar og skilum mjer til handa, mjer að öllu skaðlaust, samkvæmt byggingarbrjefi þessu fyrir Torfmýri, með þessum skilmálum:

1. Að nefndur bóndi Magnús Jónasson haldi Torfmýri í góðu standi; húsin upp á sinn kostnað árlega betri; rækti tún og engjar vel og forsvaranlega; þannig ber honum í vor að láta taka út jörðina og ganga sjálfur eptir því álagi, sem gjört kann að verða, eins og eptir við burtför sína þaðan, afhenda hana í sanngjörnu standi, eða með álagi eptir skynsamra úttektarmanna mati. —

2. Fullnægi hann þeim upp á boðnu skylduverkum, sem löglegum ábúanda til koma og svari siðvanalegum kvöðum, er á jörðunni liggja, svo sem: tíundum, boðburði, grenjaleit í fjelagi og svo framvegis. —

3. Þareð Torfmýri er bezti flákinn utantúns úr Flugumýrar=
landi er áskilið, að ábúandi aldrei hafi fleiri en mest 4 hross
þar í högum og aldrei ótemju eptir fardaga og til þess 22
vikur eru af sumri. Algjörlega bannast að taka nokkurn
hagagöngu pening vetur eða sumar, eins að brúka torf=
eða reiðing= ristu til að farga til annara heldur ein=
ungis til heimilisþarfa. Ábúandi má heldur ekki ljá eða
leigja neitt jörðunni til=heyrandi öðrum, hvorki hús,
slægur eða beit án jarðeiganda leyfis, eða hýsa fólk inntökra.
4. Áskilst einnig, að ábúandi Torfmýrar ítarlega
verji allt land Flugumýrar og Torfmýrar fyrir
sunnan Bygghól fyrir annara pening en Flugumýr=
ar og Torfmýrar, og einkanlega annist um að sumr=
inu, að slægur þær, sem liggja sunnanvert við
Bygghól, eins og Bygghólsvöllurinn sjálfur, ekki
skemmist af peningsbeit; er þá eins að verja
Flugumýrar og Torfmýrar peningi þar frá eins og
þeirra jarða, sem enga til tölu hafa þar til; Ullþytur
þar af að hann má ekki beita þar. — Enn fremur á=
skilst af Magnúsi bónda eins og öðrum, er áður hafa
verið í Torfmýri, að þegar þörf gjörist að bægja
Dalsá frá að gjöra skaða hjer norður á bögunum, að hann
þá leggi til í fjelagi með öðrum búendum, sem þetta
hafa undirgengist, duglegan mann ókeypis.
5. Á móti tilhlýðilegum kvittunum hjer upp á borgi hann
árlega í landskuld þrjá, 3 sauði vetur gamla, gelda galla=
lausa og í bezta standi, samt einn 1 Spesiu danska í út=
líðanda árs fardögum. Þar að auki slái hann eða slá láti
vel og vandlega túnmál það hjer á Flugumýrartúni,
sem áður frá Torfmýri hefur slegið verið, hvenær,
sem þess óskað er að sumrinu. — Það eina ásauðar=
kvígildi, er Torfmýri fylgir, taki hann til eigin ábyrgð=
ar og eptir=gjalds í skileyri rjettum (~~rjettum~~) með tuttugu
20tt af velverkuðu, hreinu smjöri árlega í 20ustu viku
sumars, og skili því við burtför sína í fullgildu standi,
eða uppbæti; sem ákveðið verður af matsmönnum. —
6. Að framan og ofanskrifuðum skilmálum í alla staði vel
höldnum og að því áskildu, að Magnús bóndi Jónsson
bæti mjer að fullu hverja teppt vanefningu þar frá hans

hálfu er tjeðum Magnúsi jörðin Torfmýri heimil
sögð til ábúðar næsta ár. En skyldi það koma fyrir,
að mjer þætti eigi einhvers vegna viðkomandi ábúð hans
þar, sje hann skyldur að víkja frá jörðunni, mjer að öllu
kostnaðar- og fyrirhafnarlaust í næstu fardögum
eptir að jeg hefi fyrir jól hann þar um aðvarað. Vilji
ábúandi sjálfur burtu víkja í næstu fardögum, láti
hann mig vita fyrir jólaföstu, og til sömu tíðar
fali af mjer jörðina til framvegis ábúðar, ef hjer vill
vera. —

# # #

Við 1. vantar þessar athugasemdir:
Byggi hann ný hús á jörðunni, má hann eigi flytja
þau þaðan eða rífa án þess að hafa boðið þau jarð-
eiganda áður með samgjörnu verði að óviðkomandi
góðra manna mati. — Árason

Flugumýri 8da Júni 1868 rjetta afskript ábyrgist

Árason